


NORDIC UNION
HOTEL, RESTAURANTS, CATERING AND TOURISM

Starfsgreinasamband Íslands

# TRYGGÐU ÖRYGGI MITT Í VINNUNNI

Hin síðari ár hefur öryggi herbergisþerna á hótelum vakið alþjóðlega umræðu: þyngri dýnur og rúm, gler, speglar og glansandi yfirborð hafa leitt til erfiðari vinnuskilyrða og aukins álags. Sú tilhneiging að þrýsta niður verði fyrir gistingu hefur valdið því að hótelþrifum er útvistað og atvinnuöryggi hótelþerna hefur minnkað. Afleiðingarnar eru óörugg vinnuskilyrði, lág laun og takmörkuð réttindi.

**Hótelgestir vita sjaldnast hvernig það er að þrífa hótel og almenningur er ekki meðvitaður um álagið og óöryggið sem herbergisþernur búa við.**



WWW.SGS.IS

# VISSIR ÞÚ AÐ...

**Glæsilegar innréttingar og lúxusrúm ógna heilsu hótelþerna**
Þau þægindi sem hótelgestir sækjast í, til dæmis dýrar dýnur og fullt af koddum, gerir starf hótelþerna miklu erfiðara!

**Hótelþernur verða oft fyrir kynferðislegri áreitni, ofbeldi og hótunum**
Rannsóknir sýna að margar hótelþernur hafa orðið fyrir einhvers konar áreitni af hendi gesta.

**Starf hótelþerna er mjög erfitt og áhættusamt**
Vinnuslys, sjúkdómar og örorka er mun tíðari hjá hótelþernum heldur en öðrum sem vinna í ferðaþjónustu – þetta er afleiðing mikils álags og erfiðra vinnuskilyrða.

**Hótelþernur búa oft við lélegt atvinnuöryggi og lág laun**
Margir atvinnurekendur halda því fram að hótelþernur vilji einungis vera í hlutastarfi, en í raun er yfirleitt ekki ráðið í fullt starf. Margar hótelþernur verða að vinna aukavinnu til að sjá fyrir sér og sínum.

**Hótelþernum er gert að ræsta allt of mörg herbergi á hverjum degi**
Vinnuálagið er mikið og hótelþernur eru í sífelldu kapphlaupi við klukkuna. Þetta leiðir til streitu og erfiðra starfsskilyrða en getur líka haft áhrif á gæði ræstinga.

**Hótel sem virða kjarasamninga veita betri vinnuskilyrði**
Hótel þar sem eru trúnaðarmenn og kjarasamningar eru virtir bjóða upp á betri starfsskilyrði, hærri laun og virða réttindi.

NORDIC UNION
HOTEL, RESTAURANTS, CATERING AND TOURISM

# ÞETTA VILJUM VIÐ!

Atvinnurekendur bera ábyrgð á því að starfsfólk búi við öryggi og ásættanleg starfsskilyrði. Hótelþernur eiga rétt á:

- Að kjarasamningar séu virtir
- Heilsdagsstarf
- Laun til að lifa af
- Hæfilegt álag sem kemur ekki niður á heilsu hótelþerna
- Öryggistrúnaðarmanni á vinnustaðnum
- Reglulegt samráð við atvinnurekandann um vinnuálag og starfsskilyrði
- Að vinna í pörum og víxla störfum
- Fræðslu sem nýtist í starfi
- Örugga vinnustaði með réttan útbúnað og öryggisráðstafanir

---

# HVER ERUM VIÐ?

Norræn samtök starfsfólks á hótelum, kaffihúsum, skyndibitastöðum, veitingahúsum og í ferðaþjónustu með um 100.000 félagsmenn í Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Fellesforbundet

MATVÍS

PAM
Palvelualojen ammattiliitto
Servicefacket

UNIONEN

Starfsgreinasamband Íslands

HRF
HOTELL OCH RESTAURANG FACKET

3F
FAGLIGT FÆLLES FORBUND

#FairHousekeeping